

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 205/2018

2021/EES/15/33

frá 21. september 2018

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/182 frá 7. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 28, og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 1 og 12 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/289 frá 26. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 2, „eignarhlutatengd greiðsla“ ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/400 frá 14. mars 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 40 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/519 frá 28. mars 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar 22. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 22) ⁽⁴⁾.
- 5) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **2018 R 0182:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/182 frá 7. febrúar 2018 (Stjútíð. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 1),
- **2018 R 0289:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/289 frá 26. febrúar 2018 (Stjútíð. ESB L 55, 27.2.2018, bls. 21),
- **2018 R 0400:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/400 frá 14. mars 2018 (Stjútíð. ESB L 72, 15.3.2018, bls. 13),
- **2018 R 0519:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/519 frá 28. mars 2018 (Stjútíð. ESB L 87, 3.4.2018, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 55, 27.2.2018, bls. 21.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 72, 15.3.2018, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 87, 3.4.2018, bls. 3.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/182, (ESB) 2018/289, (ESB) 2018/400 og (ESB) 2018/519, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.